



Alþingi
Erindi nr. P 130/1346
komudagur 15.3.2004

UMBOÐSMAÐUR BARNA

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2004
Tilvísun: UB 0403/4.1.1


Efni: Frumvarp til laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál, hámarksfjárhæðir

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 1. mars 2004, þar sem óskað er eftir umsögn minni um ofangreint frumvarp.

Í bréfi, dagsettu 23. október 2002, hvatti ég dómsmálaráðherra til að hafa forgöngu um endurskoðun á 7. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, þannig að bætur yrðu greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, sbr. álit allsherjarnefndar frá 15. desember 1995. Ljósrit bréfs míns fylgir hér með.

Með vísan til röksemda í meðfylgjandi bréfi, styð ég heilshugar framkomið frumvarp og vonast til að það verði samþykkt á hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst,


Þórhildur Líndal

Meðfylgjandi:

Bréf umboðsmanns barna til dómsmálaráðherra, dagsett 23. október 2002.



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Dómsmálaráðherra,
Sólveig Pétursdóttir
Amarhvoli
150 Reykjavík

Ljósrit

Reykjavík, 23. október 2002
Tilvísun: UB 0210/8.1.4

Efni: Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota

Árið 1995 voru sett á Alþingi lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota, nr. 69/1995. Í 7. gr. laganna var m.a. kveðið á um fjárhæð bóta og sagði í c-lið 2. mgr. að hámarksfjárhæð bóta fyrir miska, skyldi vera kr. 1.000.000. Þá var í lokamálslið nefndrar 7. gr. að finna reglu um að fjárhæðir samkvæmt ákvæðinu skyldu taka verðlagsbreytingum samkvæmt 15. gr. skaðabótalaga. Lög þessi skyldu upphaflega öðlast gildi 1. janúar 1996, en áður en til þess kom var þeim breytt með 18. gr. laga nr. 144/1995 um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996. Gildistöku þeirra var frestað, hámarksbætur lækkaðar og fellt út ákvæði um að fjárhæðir samkvæmt ákvæðinu tækju verðlagsbreytingum samkvæmt skaðabótalögum. Hámarksbætur fyrir miska voru lækkaðar í kr. 600.000.

Í umsögn allsherjarnefndar Alþingis, dagsettri 15. desember 1995, um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1996, er varð að lögum nr. 144/1995, sagði orðrétt:


Hins vegar er gert ráð fyrir að gildistökkunni verði frestað fram á mitt næsta ár og að ríkissjóður greiði einungis helming bóta ásamt frekari skerðingum. Meiri hluti allsherjarnefndar telur að hér sé um að ræða mjög miklar skerðingar frá því sem löggin gera ráð fyrir. Meiri hlutinn mælist því eindregið til þess að við undirbúning fjárlagafrumvarps fyrir árið 1997 verði miðað við að bætur verði greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið.

Lög um greiðslu ríkissjóðs á bótum til polenda afbrota, nr. 96/1995, tryggja m.a. börnum, sem polendum kynferðisbrota, bætur í samræmi við ákvæði þeirra, enda sé



skilyrðum laganna fullnægt að öðru leyti. Börn, sem fórnarlömb alvarlegs kynferðisofbeldis, eru meðal þeirra, sem dæmdar eru einna hæstar miskabætur í Hæstarétti Íslands. Það blandast því engum hugur um að sú ákvörðun Alþingis að ekki skuli greiða hærri miskabætur en kr. 600.000 úr ríkissjóði, bitnar að fullum þunga á þeim sem síst skyldi, ungum fórnarlömbum alvarlegs kynferðisofbeldis.

Með vísan til framangreinds vil ég hvetja yðar, sem dómsmálaráðherra, til að hafa forgöngu um endurskoðun á 7. gr. laga um greiðslu ríkissjóðs á bóttum til þolenda afbrota, nr. 69/1995, þannig að bætur verði greiddar til samræmis við það sem upphaflega hafði verið ákveðið í lögum um greiðslu ríkissjóðs á bóttum til þolenda afbrota, sbr. álit allsherjarnefndar frá 15. desember 1995.

Virðingarfyllt,

Þórhildur LINDAL

Afrit send:

Formaður allsherjarnefndar Alþingis, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Formaður fjárlaganefndar Alþingis, Ólafur Örn Haraldsson